

um veitingu prestakalla.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Forseti Íslands skipar presta íslenzku þjóðkirkjunnar og veitir þeim lausn frá störfum.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem horízt hafa, og hverjum skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í álitinu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því. Sé hlutaðeigandi prófastur meðal umsækjenda, skal þó leitað álits sóknarnefnda einna, og sé það samhljóða álit biskups, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veitingu þessara embætta.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa tvívegis áður flutt frv. um breytingu á gildandi skipun að því er snertir veitingu prestakalla, þ. e. á þingunum 1946 og 1947, en í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Þegar málið var flutt á þinginu 1946, var það sent kirkjuráði og biskupi til umsagnar. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 12. maí 1947 að mæla með því, að horfið yrði frá prestskosningum, en óskaði nokkurra breytinga á frv., eins og það lá fyrir þá. Biskup taldi sig hins vegar ekki geta mælt með því, að málið yrði afgreitt á því þingi, og benti á, að æskilegt væri að kynna málið ræki-lega söfnuðum og prestastéttinni, áður en því yrði ráðið til lykta.

Á næsta þingi var frv. flutt eins og kirkjuráð hafði óskað, að það yrði, og hafði þá prestastétt og söfnuðum gefizt árs tími til þess að ræða málið. Virtist það hljóta góðar undirtektir meðal presta, og gerðu prestafundir m. a. ályktanir um málið. Ekki var það þó rætt á prestastefnu, þótt fyllsta ástæða hefði verið til. Á Alþingi reyndust skoðanir skiptar um málið, og hlaut það eigi afgreiðslu.

Nú er málið flutt í þriðja sinn og enn í sama formi og það hafði hlotið meðmæli kirkjuráðs 1947. Kosning sú, sem nýlega fór fram á presti frikkirkjusafnaðarins í Reykjavík virðist hafa staðfest mjög áþreifanlega þá skoðun, að prestskosningar séu óheppilegar og að frá þeirri skipan eigi að hverfa í þjóðkirkjunni. Hinn harðvítugi áróður, sem rekinn var í frikkirkjusöfnuðinum í sambandi við prestskosningarnar, getur varla hafa haft bætandi áhrif á safnaðarlífið og er kirkjunni raunar heldur ekki til sóma. Þar við bætist, að söfnuðurinn hefur nú klofnað, þar eð lítill minni hluti safnaðarins hefur ekki viljað una úrslitum kosninganna og stofnað sérstakan söfnuð.

Helztu rök fyrir því að afnema beri prestskosningar eru þessi:

1) Það er ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðishærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga að dæma um á kjördegi. Til þess eru kynni safnaðarins af umsækjendunum yfirleitt of lítil.

2) Deilur þær, er allajafna verða í söfnuðunum í sambandi við prestskosningar, hafa oft og einnatt mjög truflandi áhrif á safnaðarlífið og geta valdið presti þeim, er embættið hlýtur að kosningabaráttunni lokinni, erfiðleikum, enda eru mörg dæmi slíks. Áróður sá, sem mjög er hætt við, að aldrei verði komizt hjá í kosningum, er oft og einnatt engum til sóma né gagns, hvorki umsækjendum, söfnuði né kirkjunni sem stofnun. Samkeppni presta um hylli kjósenda er og ekki holl eða heppileg fyrir stéttina.

3) Þeir, sem hug hefðu á því að sækja um laust prestsembætti, hafa að ýmsu leyti ójafna aðstöðu. Prestar, sem eru í embættum, geta ekki átt langdvalir í öðrum sóknum án þess að afrækja störf sín. Kandidatar eiga í þessu efni hægara um vik,

en embættismönnum er gert þeim mun erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir.

4) Eins og nú háttar, er það meiri erfiðleikum bundið en eðlilegt er fyrir þá, sem prestsembættum gegna, að færa sig til og skipta um verkahring. Prestar eru einu embættismennirnir á Íslandi, sem enga von geta átt á því að hljóta þau laun fyrir langt og gott embættisstarf að vera fluttur í betri embætti eða hægari. Til þess að slíkt geti gerzt, þarf að leggja út í harðvítuga kosningahríð, við ærinn tilkostnað og oft og einatt enn meiri leiðindi.

Rökin, sem heyrzt hafa gegn því að hætta prestskosningum, eru einkum þau, að með því væri stigið spor í áttina frá lýðræði, eðlilegt sé að tryggja söfnuðunum fullt vald til þess að velja sér prest, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að ólíkar stefnur séu uppi í trúmálum. Um þetta er það að segja í fyrsta lagi, að kosningar á embættismönnum verða ekki taldar til einkenna lýðræðisskipulags, enda yrði að telja lýðræði bágborið hér og í nágrannalöndum, ef svo væri gert, því að engir embættismenn eru hér kosnir aðrir en prestar, svo sem kunnugt er. Í öðru lagi er það einkenni á öllum lýðræðiskosningum, að þær fara fram með vissu millibili. Lýðræði er ekki tryggt með því að veita kjósendum kost á að kjósa sér umboðsmann, er síðan skuli fara með umboðið til æviloka. Ef um lýðræði á að vera að ræða, þarf að vera hægt að losna við umboðsmanninn, ef hann að einhverju leyti bregzt vonum kjósendanna, og velja annan. Ef tryggja ætti lýðræði í safnaðarmálum, ætti að efna til prestskosninga með vissu árabili, t. d. fjórða eða fimmta hvert ár. Þá og því aðeins yrði það tryggt, að söfnuðir þyrftu ekki að hafa presta, sem þeir vildu ekki sætta sig við. Núverandi skipun tryggir slíkt engan veginn. Með henni er t. d. ekki tryggt, að trúarskoðanir prests séu í samræmi við skoðanir meiri hluta safnaðar. Þótt svo hafi verið, þegar presturinn var kjörinn, geta skoðanir hans breytzt, en hann hefur verið kjörinn til loka embættisaldurs síns. Eins getur meiri hluti safnaðar skipt um skoðun í trúmálum, en hann á þess þó engan kost að skipta um prest og fá annan, er aðhyllist sömu skoðanir og meiri hlutinn.

Það er því á algerum misskilningi byggt, að núverandi skipun tryggi lýðræði á því sviði, sem hér er um að ræða. Auðvitað væri hægt að koma þar á lýðræði með því að taka upp þá skipan að láta kjósa presta á vissu árabili, eins og að var vikið að framan, en líklega mun slíkt eiga fáa formælendur. Það væri þó rökréttara en sú skipun, sem nú ríkir. Eðlilegast frá almennu sjónarmiði og affarasælást fyrir kirkjuna sjálfa og prestastéttina er hins vegar vafalaust að leggja allar kosningar og allan áróður á þessu sviði á hilluna og veita prestsembættin á svipaðan hátt og önnur embætti, en tryggja þó söfnuðum, biskupi og hlutaðeigandi héraðsprófasti tillögurétt og vald til þess að ráða veitingunni, ef þessir aðilar eru á einu máli. En þetta er sú skipun, sem lagt er til, að upp verði tekin samkvæmt þessu frv.